



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
NÁMSBRAUT Í GEISLAFRÆÐI



# GEISLAFRÆÐI

Lykill að greiningu



## Er geislafræði eitthvað fyrir þig?

- Hefur þú áhuga á mannlíkamanum og starfsemi hans?
- Viltu öðlast þekkingu á sjúkdómum og greiningu þeirra?
- Viltu vinna með sjúklíngum?
- Hefur þú áhuga á að vinna með tækni og tölvur?
- Langar þig í framtíðarstarf sem er í stöðugri þróun?
- Viltu taka þátt í vísindarannsóknum?
- Viltu fara í nám sem gefur færi á framhaldsnámi og fjölbreyttum atvinnutækifærum á Íslandi og erlendis?

Þá er svarið **JÁ!**

## Hvað gera geislafræðingar?

Starf geislafræðinga er fjölbreytt og spennandi. Verkefnum geislafræðinga fjölga með hverju árinu sem líður en aðferðir til að skyggna inn í mannlíkaman eru í stöðugri þróun. Nú notum við röntgengeisla, segulsvið, útvarpsbylgjur, geislavirk efni, hljóðbylgjur og tölvutækni til að sjá allt frá yfirborði stórra líffæra til starfsemi fruma líkamans. Geislafræðingar geta sérhæft sig á ýmsum sviðum og framhaldsnám er í boði hér á landi og erlendis.



### Starfsvettvangur

- Myndgreiningardeildir
- Heilbrigðisstofnanir
- Einkarekin fyrirtæki
- Krabbameinsfélagið
- Geislameðferðardeildir
- Geislavarnir ríkisins
- Háskóli Íslands
- Hjartavernd



# Nám í geislafræði

Inntökuskilyrðin eru stúdentspróf eða sambærilegt próf. Æskilegt er að hafa lokið stúdentsprófi á náttúrufræðibraut. Tólf stúdendum, sem lokið hafa öllum prófum fyrsta námsárs, með hæstu meðaleinkunn er heimilað að hefja nám á öðru námsári. Grunnám til BS-gráðu í geislafræði er þrjú ár (180 einingar).

Til að fá starfsréttindi sem geislafræðingur þarf að ljúka eins árs diplómanámi (60 einingar) til viðbótar við BS-gráðu. MS-nám í geislafræði er tvö ár (120 einingar) og bæði fræðilegt og rannsóknatengt.

## Upplýsingar um námið

Námsbraut í geislafræði hefur aðsetur í byggingunni Stapa við Hringbraut. Verklef þjálfun í geislafræði fer að mestu fram á Landspítala – háskólasjúkrahús.

Á fyrsta námsári í geislafræði er boðið upp á námskeið þar sem áherslan er á almenna þekkingu á mannlíkamanum. Seinni tvö árin einkennast aftur á móti af sérhæfðum námskeiðum í geislafræði. Fjölbreyttum kennsluáðferðum er beitt og er mikil áhersla á verklega þjálfun.

Í framhaldsnámi í geislafræði er lögð áhersla á sérhæfingu og rannsóknarvinnu. Nemendur fá þjálfun í að vinna sjálfstætt að vísindarannsókn undir leiðsögn.

Í MS-námi öðlast nemendur frekari sérhæfingu þar sem unnið er að stóru rannsóknarverkefni (60 einingar). Að því loknu eiga nemendur kost á rannsóknatengdu doktorsnámi.



## Félagslíf

Nemendafélagið FLOG er félag lífeinda- og geislafræðinema við Háskóla Íslands. Félagið stendur fyrir skemmtilegum viðburðum, líkt og nýnemakvöldum, árshátíð og vísindaferðum.


*Fylgstu með FLOG á Facebook!*

## Skiptinám

Nemendur í geislafræði hafa tækifæri til að fara í skiptinám. Námsbrautin er aðili að Nordplus-netinu Norad sem er samstarfsverkefni skóla á Norðurlöndum. Möguleikar á skiptinámi eru einnig í gegnum önnur samtök sem HÍ er aðili að.

„Þó að ég hafi ekki vitað mikið um fagið þegar ég byrjaði hefur það komið mér endalaust á óvart og ég er himinlifandi yfir því að hafa valið það. Námið er fjölbreytt og spennandi og við fáum mikla verklega kennslu. Myndgreining er ein af helstu undirstöðum heilbrigðiskerfisins og það er yndislegt að vera partur af því.“

*Björk Baldursdóttir, nemi í geislafræði*



„Ég var einn af þeim sem átti mjög erfitt með að ákveða hvað ég vildi læra og starfa við í framtíðinni. Ég vissi að mig langaði að vinna í heilbrigðisgeiranum og ákvað að lokum að hefja nám í geislafræði og sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Geislafræðingar eru ekki einungis að vinna með flókinn tækjabúnað, þeir vinna náið með öðru fagfólki og eru í samskiptum við sjúklinga. Námið er krefjandi en mjög skemmtilegt.“

*Jón Trausti Traustason, nemi í geislafræði*



## Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsmanna. Helstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á sviðinu.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

### Tengsl við atvinnulíf

Heilbrigðisvísindasvið er í nánú samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús, heilsugæsluna og aðrar heilbrigðisstofnanir.

### Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á [www.hi.is](http://www.hi.is). Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Sjá inntökuskilyrði á [www.hvs.hi.is](http://www.hvs.hi.is)

Námsbraut í geislafræði · Stapa, Hringbraut 31 · 101 Reykjavík · Sími: 525 5442 · [gol@hi.is](mailto:gol@hi.is)

[www.geislafraedi.hi.is](http://www.geislafraedi.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
NÁMSBRAUT Í GEISLAFRÆÐI